

Dómarafélag Íslands

Reykjavík, 25. maí 2010.

Nefndasvið Alþingis,

Austurstræti 8-10,

121 Reykjavík.

Með tölvubréfi frá allsherjarnefnd Alþingis, dags. 14. maí sl., var óskað umsagnar Dómarafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á barnaverndarlögum nr. 80/2002, með síðari breytingum.

Stjórn Dómarafélags Íslands hefur fjallað um ofangreint frumvarp og telur félagið margt það sem fram kemur í frumvarpi þessu horfa til mikilla bóta í barnaverndarstarfi.

Einu athugasemdir félagsins eru við ákvæði 24. gr. frumvarpsins, 25. gr. og 29. gr. þess.

Í 24. gr. frumvarpsins segir að mál samkvæmt ákvæðum þessa kafla skuli sæta flýtimeðferð í samræmi við ákvæði XIX. kafla laga um meðferð einkamála.

Eins og fram kemur í athugasemdum með ákvæði þessu, hafa mál þessi í allmörgum tilvikum verið rekin samkvæmt ákvæðum XIX. kafla einkamálalaga, en það er þó háð mati dómara hvort skilyrði til flýtimeðferðar séu uppfyllt. Telur Dómarafélag Íslands ekki bera nauðsyn til þess að breyta þeirri framkvæmd, að dómari eigi mat á því hvort þörf sé flýtimeðferðar, enda eru mál sem rekin eru samkvæmt ákvæði þessu ólík innbyrðis, eins og öll önnur mál.

Í 25. gr. frumvarpsins segir að í málum samkvæmt ákvæðum þessa kafla, þ.e. þegar krafist er forsjársviptingar með dómi, skuli kveðja til sérfróða meðdómsmenn. Í ljósi þess sem að ofan greinir, að mál þessi eru afar ólík innbyrðis, og í sumum tilvikum liggur ljóst fyrir af gögnum málsins að ekki sé þörf sérfræðipekkingar til að leysa úr máli, telur DÍ ekki bera nauðsyn til að ávallt skuli kveðja til sérfróða meðdómsmenn. Félagið telur að það skuli, eftir sem áður vera háð mati dómara hvort þörf sé á sérfróðum meðdómsmönnum.

Í 29. gr. frumvarpsins er ákvæði um tímafresti vegna þinghalda og fresta, sem veittir eru til gagnaöflunar. Dómarafélagið telur ekki þörf á að gera breytingar á ákvæðum 63. gr. laganna, þar sem frestir sem veittir hafa verið, hafa verið stuttir og mál þessi unnin með eins miklum málshraða og frekast hefur verið unnt.

Virðingarfyllst,

f.h. Dómarafélags Íslands,

Ingyeldur Einarsson
Ingyeldur Einarsson, formaður.